

Arna A. Antonsóttir
Formaður Félags lífeindafræðinga

Umsögn um:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangsheimildir).

(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Þetta eru vondar lagagreinar og ég hélt um stund að ég væri dottin aftur á bak í tíma sirka 100 ár. Vinsamlega lesið athugasemdir mínar feit- og skáletraðar.

1. gr.

1. másl. 3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Ákvarðanir landlæknis um leiðréttingu eða eyðingu sjúkraskrárupplýsinga eru endanlegar á stjórnsýslustigi og verður ekki skotið til ráðherra.

Þetta er ekki gott og skýringin er sú að þá er landlæknir orðinn einvaldur í þessum málum sem hlýtur að teljast í hæsta máta óeðlilegt.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Sé talið að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að veita honum aðgang að sjúkraskrá í heild eða að hluta eða afhenda honum eða umboðsmanni hans afrit af henni skal umsjónaraðili sjúkraskrár leiðbeina um rétt til að bera synjun um aðgang undir embætti landlæknis skv. 15. gr. a.

b. 5. mgr. fellur brott.

Ég skil alls ekki hvað er í gangi hér, taldi að samkvæmt upplýsingalögum ætti ég rétt á því skilyrðislaust að sjá mínar eigin sjúkraskrár. Hvert er leyndarmálið gagnvart mér í mínum eigin veikindaskýrslum? Hér er verið að setja eitthvert vald í hendur læknum sem alls ekki á að líðast og samkvæmt 1. gr. getur landlæknir sem einvaldur setið á málinu.

3. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Mæli ríkar ástæður með því er umsjónaraðila sjúkraskrár heimilt að veita nánunum aðstandanda látins einstaklings, svo sem maka, foreldri eða afkomanda, aðgang að

sjúkraskrá hins látna og láta í té afrit hennar ef þess er óskað. Við mat á því hvort veita skuli aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings skal höfð hliðsjón af hagsmunum aðstandanda sem óskar eftir slíkum aðgangi og vilja hins látna, liggi fyrir upplýsingar um hann.

Hér vildi ég gjarnan vita hvert leyndarmálið er í sjúkraskýrslum látinnar manneskju fyrir ættingja. Hverjir meta hvort veita skuli aðgang eða ekki? Eru það lækningar sem stunduðu sjúklinginn eða aðrir, þá hverjir?

4. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, 15. gr. a, er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Réttur til að bera synjun um aðgang að sjúkraskrá undir embætti landlæknis.

Heimilt er að bera synjun umsjónaraðila sjúkraskrár um aðgang sjúklings að eigin sjúkraskrá í heild eða að hluta eða synjun um að fá afhent afrit af henni undir embætti landlæknis. Sama gildir um synjun umsjónaraðila sjúkraskrár um að veita nánnum aðstandanda aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings eða synjun um að fá afhent afrit af henni. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum. Ákvarðanir embættisins um aðgang að sjúkraskrá eru endanlegar á stjórnsýslustigi og verður ekki skotið til ráðherra.

Þessi grein ætti að vera óþörf því það að synja fólki um aðgang að sjúkraskrá er í sjálfu sér brot á lögum. Ég endurtek líka að það að landlæknir skuli vera með endanlegan úrskurð er algjörlega óásættanlegt.